

# Nítjándi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

## Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 5. október 2016 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar og ársfundar voru samþykktar og undirritaðar.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundir, uppákomur og sumarið

Forstöðumaður sagði frá síðustu fundum og uppákomum og fór yfir gestatölur sumarsins. Helstu fundir síðustu mánaða voru fundur á vegum SSS þar sem menntaverkefnið sem Þekkingarsetrið stýrir var kynnt og ársfundur Reykjanes Geopark. Uppákoma á vegum Franska sendiráðsins var haldin í Þekkingarsetrinu 16. september í tilefni af því að 80 ár voru liðin frá dauða Jean-Baptiste Charcot og voru sýningunni gefnir nokkrir munir til varðveislu.

Gestafjöldi í ár er örlítið meiri en á svipuðum tíma í fyrra. Í lok árs verður heildargestafjöldi tekinn saman og greindur eins og áður, og niðurstaðan send til Sandgerðisbæjar.

Rætt var um að efla tengsl við tjaldstæðið í Sandgerði, í von um fleiri gesti, og mun forstöðumaður hafa samband við rekstraraðila fyrir næsta vor.

#### 2. Helstu verkefni vetrarins

Helstu verkefni vetrarins eru áframhald menntaverkefnis fyrir SSS með starfsgreinakynningu sem haldin verður 11. október og námskynningu sem haldin verður næsta vor. Styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að vinna fuglaskoðunarkort í samstarfi við Reykjanes Geopark og Markaðsstofu Reykjanes og er sú vinna komin á fullt. Þá fengu Interact samtökin sem Þekkingarsetrið er hluti af, styrk úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins og verða ýmis

verkefni í tengslum við það unnin á næstu mánuðum. Tvö námskeið verða haldin á haustmisseri í samstarfi við MSS – gæsaflautun og skinnsútun.

**3. Rekstrarstaða það sem af er ári**

Rekstrarstaða fyrstu átta mánaða ársins var birt og rædd, en hún lítur vel út miðað við áætlanir.

**4. Fundur vegna sýningarinnar Heimskautin heilla**

Málið rætt og ákveðið að bíða átektu.

**5. Önnur mál**

Engin önnur mál. Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 30. nóvember kl. 15.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN